

Myndlistarskóli Kópavogs  
Smiðjuvegur 74  
200 Kópavogur

Kópavogur, 4. apríl 2025  
Tilvísun: E49568

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: [Myndlist@myndlistaskoli.is](mailto:Myndlist@myndlistaskoli.is)

## Eftirlitsskýrsla

|                                                                                                                                                                               |                                            |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|
| <b>Tilefni:</b> Reglubundið eftirlit                                                                                                                                          | <b>Eftirlit framkvæmt:</b> 24.3.2025       |
| <b>Starfsleyfi:</b> Gildir til 22.11.2034                                                                                                                                     | <b>Starfsemi:</b> Skólar- og kennslustaðir |
| <b>Aðsetur:</b> Smiðjuvegur 74                                                                                                                                                | <b>Kt.</b> 411091-1129                     |
| <b>Fulltrúar fyrirtækis</b><br>Sigríður Einarsdóttir<br><b>Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis</b><br>Ingibjörg Þorleifsdóttir, heilbrigðisfulltrúi |                                            |

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.

## Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024 og reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli nr. 103/2010. Stuðst var við [samræmd starfleyfisráðgjafi fyrir skóla og kennslustaði](#) sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.


## Niðurstöður eftirlits

Í húsnæðinu eru tvær snyrtingar og kaffiaðstaða með aðgengi að neysluvatni. Hættuleg efnavara er geymd í lokuðu rými. Þak var lagfært vegna leka og einhverjir gluggar hafa verið yfirfarnir. Eftirfarandi er komið á framfæri:

- Enn þarf að bæta skipulag og umgengi í ræstirými, líkt og fram kom í eftirlitsskýrslu dags. 20.11.2022. Áhöld og annað á gólfi hindrar þrif, sem veldur uppsöfnun óhreininda (mynd 1). Minnt er á að þrif skulu fara fram skv. skriflegri hreinlætisáætlun.
- Enn má sjá rakaskemmdir á vegg við glugga í ræstirými (mynd 2), líkt og fram kom í eftirlitsskýrslu dags. 20.11.2022. Koma þarf í veg fyrir leka, hafi það ekki verið gert nú þegar og gera við skemmd.
- Í kennslustofu 3 eru ummerki um leka í lofti sem vantar frágang á eftir viðhald á þaki (mynd 3).
- Uppsöfnuð óhreinindi við loftræstitúðu á salerni (mynd 4). Minnt er á að skv. 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti skal loftræstikerfi haldið við og það hreinsað reglulega.
- Almennt geymslupláss í húsnæðinu er takmarkað. Töluvert af áhöldum og munum eru geymd á gólfi sem fyrirbyggir fullnægjandi gólfþrif.

**Framkvæma skal úrbætur vegna þeirra frávika er fram koma í skýrslunni hið fyrsta og upplýsa heilbrigðis-eftirlit skriflega um lok þeirra.**

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ, eða á tölvupóstfangið [hef@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hef@heilbrigdiseftirlit.is).


Virðingarfyllt,  
f.h. heilbrigðiseftirlits  
  
Ingibjörg Þorleifsdóttir, heilbrigðisfulltrúi.



Mynd 1. Bæta þarfungengni í ræstirými.



Mynd 2. Ummerki um raka á vegg í ræstirými.



Mynd 3. Loft í kennslustofu 3.



Mynd 4. Loftræstitúða á salerni.